



Útreikningur hljóðfæragjalds - haustönn 2010

Neysluverðsvísitala 1. júlí 2010: 361,7 stig

	Til greiðslu 1. des.	
	Fullt gjald	2010 (hálf gjald)
Flokkur 1 (trompet sett, básúnusett, blokkflautusett, harmóníka, horn, euphonium, túba)	50.121	25.061
Flokkur 2 (þverflauta, piccolo, rafbassi, rafgítar, gítar (klassískur))	42.068	21.034
Flokkur 3 (fiðla, lágfiðla, klarinett Bb, klarinett Eb, saxófónn (alto), saxófónn (sópran), saxófónn (tenór), enskt horn, óbó, fagott, selló, bassi)	99.636	49.818
Flokkur 4 (harpa, píanó, flygill, slagverk)	109.522	54.761

Um afnot og greiðslur fyrir notkun á eigin hljóðfærum: Í þeim tilvikum að tónlistarskóli óski eftir því við tónlistarskólakennara að hann leggi sjálfur til hljóðfæri vegna starfs síns í þágu tónlistarskólans skal greitt fyrir þau afnot gjald, sem miðist við neðangreint verðmæti og vexti af því, afskriftir, viðhald og rekstrarkostnað. Afgjaldið skiptist í þrjá flokka og fer eftir hljóðfærategundum. Innifalið í gjaldi þessu er að eigandi hljóðfæris leggi til endurnýjunar hluti eins og strengi og blöð og annist viðhald hljóðfærananna. Afgjaldið greiðist í tveimur hlutum við lok hvorrar annar. Afgjald þetta miðast við vísitölu neysluverðs hinn 1. júlí 2006 (263,1 stig) og skal endurskoðað tvisvar á ári, hinn 1. janúar og 1. júlí.

Sjá ennfremur skýringu samstarfsnefndar FT/FÍH og Launanevndar sveitarfélaga miðvikudaginn 29. nóvember 2006:

„Gjald fyrir hljóðfæri sem tilgreint er í fylgiskjali 1 miðast við heilt skólaár og greiðist í tveimur hlutum.

Frá og með 2007 greiðist hljóðfæragjald vegna vorannar hinn 1. júní en vegna haustannar 1. desember. Vegna haustannar 2006 greiðist gjaldið í síðasta lagi 1. janúar 2007 og miða skal við 75% af hálfu árgjaldi.

Greiða skal í hlutfalli við kennda tíma á viðkomandi hljóðfæri og ef kennt er á fleiri en eitt hljóðfæri skal greiða sem eitt gjald og miða við það sem lendir í hæsta gjaldflokki.

Varðandi söng-, tónfræðigreina- og forskólakennara skal miða við afgjald af píanói.“